

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna fjölgunar íbúðareininga á reit M3 í Hamranesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. desember 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, sem samþykkt var í bæjarstjórn 6. nóvember 2024.

Í breytingunni felst að gerð er breyting á skilmálum fyrir miðsvæði M3 þar sem heimilað er að fjölga íbúðareiningum á hjúkrunarheimili úr 80 í 96, en auk þess eykst nýtingarhlutfall á lóð úr 1,0 í 1,1 og byggingarmagn sem því nemur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. desember 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 6. janúar 2025